
Minningarsýning



Barbara Árnason

Undanfarið og fram til 20. júlí stendur yfir að Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á verkum **Barböru Árnason,** er lést á sl. ári er hún stóð mitt í nýsköpun þeirra þátta listar sinnar er sneri að grafík- og vefjarlist. Við örlögin fær enginn ráðið hverju sem fer, og í þessu tilviki er sem þessi listakona hafi verið numin brott í miðju verki, —nýsköpun er kom mörgum á óvart, en staðfesti að hún var enn í fremstu röð og góður landnemi í ríki listar sinnar.

Svo sem kunnugt er var Barbara Árnason ensk að uppruna, fædd Moray Williams, og að hún kynntist hér í stuttri sumarheimsókn listamanninum Magnúsi Á. Arnasyni og þar með voru örlög hennar ráðin jafnframt því að Íslandi bættist efnilegur liðsmaður á sviði myndlistar, auk þess að hér fór örvandi og aðlaðandi persónuleiki.

Í nær fjörtíu ár lifði hún hér og starfaði, sýndi atorku við hvert verk er hún tók sér fyrir hendur, bjó manni sínum og syni þeirra fagurt og menningarlegt heimili, ferðaðist um landið, og þekkti það vafalítið flestum Íslendingum betur, jafnframt því að hún ferðaðist víða um heiminn og voru þau hjónin með víðförlustu listamönnum íslenzkum er yfir lauk.

Það er einangruðu eylandi mikill ávinningur er slíkir heimsborgarar ílendast þar og auðga menningarlegan vettvang þess heilbrigðum straumum viðsýnna viðhorfa og vísa til vegar.

—Þrátt fyrir að Barbara Árnason ferðaðist víða í leit að myndefni, og eldsneyti til endurnýaðra átaka, þá leitaðist hún ekki við að höndla það sem sjá má í hillingum og bláma fjarskans, — hið stórbrotna eða hrikalega höfðaði ekki endilega til hennar, hvorki úti í náttúrunni né á nærlægara sviði. Frekar var sem hún vildi gera hið smáa stærra í sniðum, og hún komst í sinn ham sem listakona er hún leitaði myndefnis í næsta nágrenni sínu eða næsta sjónmáli hverju sinni, málaði gróður jarðar frekar en fjallið, —börn að leik frekar en gustmikla fornkappa. Þannig fann hún innri kenndum eðlilega útrás og komst í einlægt samfélag við náttúruna og umhverfið, — hinn lifandi jarðarblóma. Hér minnist ég orða Rilke's: „Hið smáa er jafnlítið smátt og hið stóra er stórt. Það gengur mikil og eilíf fegurð gegnum veröld alla og henni er réttlátlega dreift yfir stóra og smáa hluti."

Sýningin að Kjarvalsstöðum vottar svo ekki verður um villst,



Sýningargestur og skermur.



Altaristafla (eign Kópavogskirkju).



Pennateikning.

að meginkostir listar Barböru Árnason lágu í hinu smágerva og einfalda. Þegar þetta tvennt tengist rís list hennar hæst. Það lá jafnan mjög vel við Barböru að vinna á „dekoratívum", skreytikenndum grunni þar sem smá gert mynstur í ótal tilbrigðum fléttast um alla myndheildina og prýðir hana frekar en raskar. Þetta kemur fyrst fram í tréstungumyndum hennar og þróast svo í ýmsum tilbrigðum í gegnum listferil hennar allan. Athyglisverðustu mannamyndir hennar á sýningunni eru einmitt unnar á þennan hátt og á ég hér við myndir svo sem af Rannveigu Tómasdóttur og Valgerði Þorsteinsdóttur Briem, og manni verður á að óska að listakonan hefði einbeitt sér meir á þessu sviði. En slík myndgerð er tímafrek, útheimtir mikla vinnu og alúð, — þessar myndir eru líka gerðar á kreppuárunum svonefndu og þá voru frjálslegri vinnubrögð vafalítið vænlegri í gerð mannamynda en að jafnmikið væri borið í hverja einstaka. En þess má geta, að andlitsmyndagerð, og þá einkum af börnum, mun öðru frekar hafa fleytt þeim merku hjónum yfir þau erfiðu ár.

Barbara Árnason var fjölhæf listakona og það reyndi mikið á þá hæfileika lengstan hluta lífsferils hennar, —óefað hefur hún þó á stundum fremur óskað sér annars hlutskiptis, viljað vinna líkt og hugurinn bauð, frjáls án svipu lífsframfæris og af áhyggjum fyrir morgundegi.

Barböru fór það aðdáanlega vel úr hendi að gera list sína að lífsviðurværi, — hún var það einlæg að eðlisfari, list hennar svo nærfærin og mettuð lífrænum kenndum og ástúð að hún gat aldrei orðið óheil né lítilsgild, — jafnan spruttu fram góðar myndir hennar og margar ágætar þótt skylt sé að játa að listakonunni voru mislagðar hendur og að í því efni mætti finna lægðir. En mörgu má horfa framhjá þegar um slíkar stærðir er að ræða sem Barböru Árnason, og hollt er að minnast þess, að margt okkar bestu krafta á sviði myndlistar hafa orðið að sæta því hlutskipti að kveðja heimaland sitt til að finna list sinni hljómgrunn, og að aðrir biðu þess aldrei bætur að þeir fluttust heim í miðri rífandi framþróun listar þeirra. Þannig var, og er jafnvel enn í dag, aðstaða á þessu sviði og skal þó engum þeim vorkennt að vera þar innangarðs sem þar á heima, svo sem þeim er hér á í hlut.—

Barbara Árnason fékkst við grafík, bókaskreytingar, vatnsliti, gouache, myndklæði og skerma, auk þess sem hún teiknaði mikið, en við olíuliti átti hún lítið nema þá á sérstakan hátt á tré. Allt þetta kemur vel fram á sýningunni og hefur þætti sýningarinnar í gerð veggteppa og skerma verið afmarkaður sérstakur bás, en að öðru leyti virðist sýningin ekki lúta ströngu skipulagi. Vatnslitaþrykk eru t.d. of dreifð,



Mynd af Valgerði Þorsteinsdóttur Briem.



og kemur þessi stórmerki þáttur listar Barböru ekki nægilega sterkt fram að mínu áliti. Í þessari tækni notaði listakonan sérstakan japanskan pappír, er nefnist hrískappír, sem er hvorki slétt- ur né hvítur og hin grófkennda áferð hans verður hluti af myndinni. Hér kemur fram hin ríka efniskennd sem voru bestu eðliskostir listakonunnar, hvað sem hönd hennar snerti, og hér fær hinn tæri einfaldleiki að njóta sín til fulls. Sumar af þessum myndum eru hreinar perlur og mér er næst að halda, að sýningin rísi einna hæst í þeim bestu þeirra. Listakonan kom fyrst fram með slíkar myndir árið 1971 eða fjórum árum áður en hún lézt, og jók hún tæknina með hverju ári þannig að bestu myndirnar virðist hún gera síðasta æviár sitt, því að þær eru áritaðar árið 1975. Á þeim sama tíma finnur hún þörf fyrir nýjar forsendur við gerð myndklæða og hafnar þá hinum ferhyrnda og reglubundna myndgrunni og staðsetur jafnvel ýmsa aðskotahluti líkt og bein inn í myndheildirnar. Hún var að vísu löngu áður byrjuð á ójafnhliða veggteppum en róttækni hennar náði lengst síðustu æviárin, og það er freistandi að ætla, að hér hefði hún átt nýja landvinninga fyrir stafni.

Hin teiknandi hönd listakonunnar væri hér tilefni sérstaks

Blýantsriss.